

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

364. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu bygðasamlagsins miðvikudaginn 15.07.2016, kl.12:00.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Sturla Þorsteinsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar. Gestir fundarins undir lið 1 voru Teitur Gunnarsson frá Mannvit og Eyþóra Geirsdóttir frá embætti borgarlögmans.

Kosning stjórnarmanna

Lagðar fram tilkynningar frá Mosfellsbæ og Hafnarfirði um kosningu aðal- og varamanna til tveggja ára:

Mosfellsbær:

Aðalmaður: Kolbrún G. Þorsteinsdóttir

Varamaður: Hafsteinn Pálsson

Hafnarfjörður:

Aðalmaður: Rósa Guðbjartsdóttir

Varamaður: Guðlaug Kristjánsdóttir

Tekið fyrir:

1. Niðurstaða samkeppnisviðræðna um gas- og jarðgerðarstöð

Kynnt minnisblað Mannvit um niðurstöðu samkeppnisviðræðna um tæknilausn vegna gas- og jarðgerðarstöðvar sem reisa á í Álfsnesi. Teitur Gunnarsson frá Mannvit og Eyþóra Geirsdóttir frá borgarlögmanni fóru yfir aðdraganda og framkvæmd útboðsins. Tvö tilboð bárust frá Aikan o.fl. og BTA/Biotech. Stjórn samþykkir að taka hagstæðara tilboðinu er kom frá Aikan o.fl. í Danmörku og felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga á grundvelli tilboðsins.

2. Viðræður við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja um sameiningu/samstarf og næstu skref

Stjórnarformaður og fyrrum stjórnarformaður kynna niðurstöðu fundar með forsvarsmönnum Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. þar sem ákveðið var að skoða málin nánar. Lögð fram verkefnistillaga frá Capacent þar sem kanna á kosti og galla sameiningar. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningi um verkefnið við Capacent og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.

3. Gagnafyrirspurn frá starfshópi um fjármagnsskipan samstæðu Reykjavíkurborgar

Lögð fram til kynningar fyrirspurn frá Reykjavíkurborg dagsett 11. júlí 2016.

4. Næsti fundur og fundartímar stjórnar

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 19. ágúst n.k. kl. 11:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 13:30. Fundarritari Bjarni Hjarðar

Bjarni Hjarðar *Halldór Auðar Svansson*

Rósa Guðbjartsdóttir *Björn H. Halldórsson*

Sturla Þ. Þorsteinsson *Kolbrún G. Þorsteinsdóttir* *Eyþóra Geirsdóttir*